

Nr. 7/1890.

Frökenar Christjane og
Marie Thomsen

gegn

skiptaráðandanum og uppboðshald-
aranum í dánarbúi Engilmaríu
Auðunsdóttur, bæjarfógeta Hall-
dóri Daníelssyni, og tómthúsmanni
Gísla Þorkelssyni.

D ó m u r :

Eptir að bæjarfógetinn í Reykjavík sem hlutað-
eigandi skiptaráðandi hafði tekið til skiptameðferðar
dánarbúi Engilmaríu Auðunsdóttur, var, eptir ráðstöfun
hans, seld húseign, tilheyrandi tjeðu dánarbúi, svonefnd-
ur «Hjallur» eða «Hjallhús», í Grjótagötu, við opinbert
uppboð, er fram fór 11. septembermán. f. á. Í uppboðs-
auglýsingunni var þess getið, að húsinu (þ: «Hjallin-
um») fylgdi allt múr- og naglfast «og lóð sú er það
stendur á». Hið sama var fram tekið í uppboðsskilmál-
unum, með þeim viðbæti, að húsið seljist ásamt gangi
meðfram því að norðan og austanverðu. Hæstbjóðandi
á uppboðinu að eign þessari varð hinn stefndi Gísli
Þorkelsson. Áður en uppboðið fram fór, skýrði uppboðs-
ráðandi frá því, að áfrýjendurnir, frökenarnar Christ-
jane og Marie Thomsen, sem eru eigendur að húsinu
nr. 9 í Grjótagötu með tilheyrandi lóð, — en hún liggur
að norðan og austan við hið selda hús, hafi mótmælt
sölunni á lóðinni undir tjeðu húsi — og haldið því fram,
að þær ættu lóðina, en með því að enginn mætti á
uppboðinu til þess að framfylgja þessum mótmælum,
fór salan fram án þess að uppboðsráðandi kvæði upp-
úrskurð um mótmælin. Þessari uppboðsgjörð hafa

frökenarnar Christjane og Marie Thomsen áfrýjað til yfirdómsins samkvæmt gjafsóknarleyfi og með stefnu útgefinni 3. marz þ. á.; svo hefur þeim og verið settur málflutningsmaður.

Það er rjettarkrafa þessara áfrýjanda fyrir yfirdóm-inum, að uppboðsgjörðin verði ómerkt eða ónýtt eða felld úr gildi, að því leyti snertir lóðina undir hinu selda húsi (o: hjallstæðið) og ganginn kringum það að austan- og norðanverðu, og að hinir stefndu verði in solidum skyldaður til að greiða allan kostnað málsins eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málflutningsmanns sækendanna, eða til vara, að hinn stefndi skiptaráðandi og uppboðsráðandi verði fyrir dánarbúsins hönd dæmdur til að greiða allan málskostnaðinn, en til frekari vara hefur hinn skipaði sækjandi krafizt málflutningslauna af almannaþje.

Hinir stefndu hafa aptur á móti látið gjöra þá rjettarkröfu nú í málinu, að þeir verði algjörlega sýknaðir og að þeim verði dæmdur «fullur málskostnaður að skaðlausu» með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Fyrir og um 1850 var Þorlákur Þorgeirsson eigandi að húseign áfrýjendanna og lóð þeirri, er eigninni fylgdi, og er svo að sjá, sem hann hafi upprunalega látið byggja hús það, sem nú er eign þeirra. Nefndur Þorlákur ljét og eptir að hann hafði eignast lóðina reisa hjall á suðvestur-horni hennar rjett út við lóðartakmörkin. Hinn 17. apríl 1852 selur Þorlákur síðan móður áfrýjendanna húsið nr. 9 í Grjótagötu með öllu tilheyrandi og naglföstu sem og með þeim skúr og kálgarði, sem húsinu fylgir og «jeg (seljandinn) hefi brúkað».

Það hefur þó þá verið álitid að hjallurinn fylgdi eigi með í kaupinu, því að þegar Þorlákur ljezt, var hjallurinn seldur sem eign bús hans á uppboðsþingi hinn 25. okt. 1859 og er þess þá sjerstaklega getid að hann sje seldur «lóðarlaus». Síðan hefur hjallur þessi, eða «hjallhúsið» fleirsinnis gengid kaupum og solum, þar til Engilmaría Auðunsdóttir var orðin eigandi að honum og hann nú síðast var seldur af skiptaráðanda í dánarbúi heunar. Norðurendi hjallhússins var frá fyrstu klæddur utan með þiljum og hefur verið notaður bæði sem fjós og geymsluhús. En eptir skýrslu áfrýendanna hefur suðurendinn eigi verið þilklæddur fyr en eptir 1870 og hefur hann síðan um nokkur ár verið brúkaður til íbúðar.

Eins og að framan hefur verið um getid, var húseignin nr. 9. í Grjótagötu seld árið 1852 «með þeim kálgarði, er húsinu fylgir». Á hjallinn (hjallhúsið), sem þá var byggður fyrir nokkru, eða lóðina, sem hann stóð á, er eigi minnzt einu orði í kaupsamningnum eða kaupbrjefinu og þar sem það er sannað með vitnisburði tveggja vitna (Jóhannesar Ólsens og Jóns Ásmundssonar) að lóðin með hjallinum á og gangi meðfram honum að austan og norðan var þá, þegar kaupin gjörðust, afgirt frá hinni lóðinni (kálgarðinum), sem seld var með húsinu nr. 9, þá virðist verða af því að ráða, að ekki einungis hjallurinn sjálfur, eins og áfrýjendurnir hafa viðurkennt, heldur einnig lóð sú, sem þannig var afmörkuð sem fylgandi hjallinum, hafi verið undanskilin kaupunum. Áfrýjendurnir hafa haldið því fram, að fyrnefndur Þorlákur Þorgeirsson hafi hjá móður þeirra fengið sjerstaklega leyfi til þess, að hjallurinn mætti standa á hinni seldu lóð, meðan Þorlákur lifði,

en þær hafa eigi getað fært löggildar sönnur á þenna framburð sinn, enda kemur hann eigi heim við það, að ekkert virðist á hjallinn hafa minnzt verið við kaupin á húsinu og að hjallurinn var seldur að Þorláki látnum, eins og hann stóð, en eigi til niðurrifs eða burtfærslu, og sem tilheyrandi dánarbúi Þorláks, án þess nokkur mótmæli væru gjörð af hendi áfrýðanna eða móður þeirra, eins og áfrýðurnir heldur eigi síður nokkru sinni virðast hafa gjört kröfu til lóðarinnar undir hjallinum fyrir en uppboð það fór fram, er nú er áfrýjað. Þar sem svo segir í uppboðsgjörðunum frá 25. okt. 1859, þegar hjallurinu var seldur að Þorláki látnum, að hjallurinn hafi verið seldur «lóðarlaus», þá virðist það einnig mega til sanns vegar færa, þó að hjallstæðið og mjór gangur með honum á tvo vegu fylgdi með, einkum þar sem það virðist hafa átt að tákna það, að lóðarstæðið fyrir sunnan götuna, sem Þorlákur átti einnig, og sem var selt sem næsta númer á uppboðinu, átti ekki að fylgja hjallinum; og þó að annar skilningur væri lagður í orðið «lóðarlaus», þá hafa áfrýðurnir ekki sannað rjett sinn til þeirrar lóðaræmu, sem þá hefði óseld verið eptir Þorlák, af stykki því, er hjallinum fylgdi, þegar hann var fráskilinn húsinu nr. 9 í Grjótagötu.

Það verður þannig að álíta, að hinn umræddi hjallur (hjallhúsið) með lóðinni undir honum og meðfram honum að austan og norðan hafi verið fráskilinn lóð hússins nr. 9 í Grjótagötu, þegar það var selt móður áfrýðanna, og með því, að áfrýðurnir hafa eigi sannað, að þær hafi síðar eignast þann lóðarpart, verður að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgjörð. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður. Samkvæmt þessum úr-

slitum málsins verða hinum skipaða málsfærslumanni áfrýðendanna eigi dæmd málflutningslaun. Málsfærslan af hálfu hins skipaða sækjanda hefur varið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á óröskuð að vera.
Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1890.

Rjettvísín

gegn

Edilon Stefánssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar upp-
kveðnum 2. júním. þ. á., var hinn ákærði Edilon
Stefánsson, dæmdur til að sæta 3ggja ára betrunarhúss-
vinnu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní
1869, 233. gr., síðari málslið, fyrir stórpjófnað, svo og
til að greiða iðgjöld til fangavardar Sigurðar Jónssonar,
15 kr. 80 au., og ennfremur allan af málinu og af varð-
haldi sínu, meðan á rekstri þess stóð, leiðandi kostnað.
Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður skotið til
yfirdómsins.

Með játningu hins ákærða sjálfs, sem kominn er
yfir lögaldur sakamanna, og öðrum skýrslum íl málinu,
er það löglega sannað, að hann hafi síðastliðinn vetur
stolið úr kjallara hegningarhússins í Reykjavík sem næst
5 fjórðungum af saltkjöti, svo og 2 rullupilsur og 9
pottum af steinolfu. Þessu stal ákærði í 3 skipti, og
fór hann í hvert skiptið yfir hegningarhússgirðinguna að
austanverðu og komst þannig inn í garðinn, en úr hon-